

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	4.5.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	729651,982 512054,012

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubunda eftirlit ársins í kjölfarið á samráðsfundi með hagsmunaaðilum. Þar var meðal annars farið yfir niðurstöður mælinga og endurkoðun á vöktunaráætlun. Engin frávik eða athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

### UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins:

1. Uppskipun súrals
2. Rekstrartruflun 18.janúar vegna rafmagnsleysis
3. Eldurinn í ofni steypuskála þann 7.febrúar
4. Önnur mál
  - a. Eignir Alcoa á lóð GMR endurvinnslunnar
  - b. Kerlekar
5. Skoðunarferð um svæðið

1.Stofnuninni barst fyrirspurn varðandi uppskipun á súráli þann 30.desember sl. en þá sást sýnilegt fok á súráli frá skipi í höfninni. Samkvæmt vinnufyrirkomulagi er uppskipun stöðvuð ef vindur er 20 m/s samfleytt í 10 mínútur eða meira. Í þessari uppskipun var stoppað í 8-10 skipti. Á 5 vikna fresti koma um 50 þúsund tonn af súráli en uppskipun tekur um 10-12 daga. Vegna vinds hefur komið fyrir að Fjarðaál hafi þurft að stöðva skip í meira en mánuð.

2. Þann 18. janúar var ráðgert viðhaldsverk í spennustöð en í kjölfarið á því varð allt vinnusvæði Fjarðaáls rafmagnslaust í um eina klukkustund en sýnileg mengun frá rjáfrum kerskála varð á meðan. Uppkeyrsla á kerskála og hreinsivirki gekk vel eftir rafmagnsleysið og starfsemi komst fljótt í eðlilegt horf.

3. Eldur kviknaði í einum af ofni álversins þann 7. febrúar. Í steypuskálanum eru 3 steypulínur og framleiða stangir sem síðan eru sagaðar í viðeigandi lengdir að ósk kaupanda. Við sögunina fellur til svarf sem fer í síló og er pakkað í kubba. Svarfið er síðan sett í kar sem sturtað er úr í ofna til endurnýtingar. Í þessu tilviki hafði olía verið í botni karsins sem leiddi til eldsins í ofninum. Slökkt var þá í eldinum með ABC slökkvitækjum en við það fylltist skálinn af reyk en að sögn rekstraraðila hefði verið betra að loka ofninum og minnka súrefnisflæðið og slökkva þannig í eldinum.

4. Stofnunin spurðist fyrir um eignir Alcoa sem eru á lóð GMR endurvinnslunnar en hún hefur nú verið tekin til gjaldþrotaskipa. Um er að ræða hluta af leiðurum sem GMR endurvinnslan ætlaði að endurvinnna fyrir Fjarðaál en gekk svo ekki eftir. Leiðararnir eru geymdir í gámum á lóðinni en önnur fyrirtæki eiga einnig efni sem eru fyrir og verið er að leita leiða til að færa allt efnið.

Rætt var um kerleka en um 1-2 slíkir verða á hverju ári. Meðaltalsaldur kers er rúmlega 2400 dagar en tveir dagvaktarmenn eru 7 daga vikunnar að mæla hitastig og annað tengt rekstri keranna til að koma í veg fyrir kerleka.

5. Endað var á skoðunarferð um svæðið en gengið var um steypuskála og kerskála, þar var snyrtilegt um að lítast og ekki tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.06.2017

Einar Halldórsson